

REGLUGERÐ

um breytingu (1.) á reglugerð um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar nr. 28/1999.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. tölulið 1. gr.:

Á eftir orðunum „Börn, 17 ára og yngri“ falla brott orðin „sbr. þó 2. gr. gjaldskrár nr. 166/1992.“

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. síðustu mgr. 36. og 37. gr. s.l. og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. október 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum vegna Flókagötu 7, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 23. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hleina að Langeyrmölum vegna Flókagötu 7, Hafnarfirði.

Breytingin felst í byggingareit fyrir bílskúr við húsið nr. 7 við Flókagötu, Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 10. október 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.